
Garðeigendur
agryl

AGRYL garðúkurinn tryggir öruggari uppskeru garðávaxta hvernig sem viðrar.
AGRYL verndar gróður gegn:



Skordýrum Kulda Hita Roki



LEITIÐ UPPLÝSINGA
ÞÓR hf
SÍMI 81500 · ÁRMÚLA 11



Kári Eiríksson við mynd sína Rok.

FJARRÆN VIÐHORF

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það verður vart annað sagt, en að **Kári Eiríksson** hafi markað sér nokkra sérstöðu meðal íslenzkra málara.

Þessi sérstaða hans er þó af óvenjulegum toga, því þótt Kári teljist hlutbundinn málari, virðist hann yfirleitt ekki leita uppi myndefni í nánasta umhverfi sínu og ekki verða fyrir beinum áhrifum af hinni hrjúfu, íslenzku náttúru. Ei heldur af hinum blíðari hliðum hennar, sem helst koma fram á löngum sumardægrum, eða þá, er stirnir á snævi þakta jörð um hávetur í miklum kyrrum. Vísun listamannsins sjálfs til þess, að þetta séu áhrif frá landslagi á Suðurlandi er hann styðst við núna — huglæg áhrif, sem unnið er út frá á vinnustofu hans, þykir mér hæpin nema í þá veru, að það sé klætt í búning Suðurlanda. Landslagið á Suðurlandi kemur mér svo fyrir sjónir að vera í hæsta máta jarðbundið og lítið flug í því né suðræn glóð.

Þannig virkar inntak myndanna einna helst sem suðrænt landslag málað í rómantískri móðu, þar sem íburðarmikil áferðin skiptir meginmáli.

Ég fortek þó ekki, að heimfæra megi þekkjanlegt form mynda hans við íslenzkt svið, en svipmót þeirra *er mjög fjarrænt, í flestum tilvikum* eins og séð með augum útlendings með suðrænt blóð í æðum.

Tækni Kára í þeim 72 myndum, er hann sýnir á Kjarvalsstöðum fram til 19. maí, er ákaflega keimlík þeirri, er við kynntumst á fyrstu sýningu hans í Listamannaskálanum gamla við Kirkjustræti árið 1959. Þessa tækni eða réttara sagt þennan undarlega samruna tæknibragða, kom hann með í malnum að utan — alla leið frá Flórenz, þar sem hann hafði verið í slagtogi með nokkrum amerískum málurum og ef til vill orðið fyrir áhrifum af þeim.

Hér var um að ræða tækni, sem virkaði á mig sem afsprengi tæknigaldurs snillingsins Andrew Wyeth, að viðbættum ýmsum áhrifameðulum (effektum) og hér hefur ekki orðið mikil sjáanleg breyting á.

Svipuð málverk og slík léttunnin tæknibrögð má víða sjá í myndverkum, sem föl eru á markaðstorgum suðlægari landa, þar sem minjagripa og afþreyingaiðnaðurinn blómstrar.

Ég geri mér það fullkomlega ljóst, að myndlistarmenn grípa á stundum til áferðarfagurra vinnubragða, þegar það á við — öll meðöl eru leyfileg við vissar aðstæður til að veita ákveðinni tjáþörf útrás. En þegar þetta virðist orðið að markmiði í sjálfu sér, þá renna á mann tvær grímur.

Ég fæ illa skilið, að slík vinnubrögð þjóni kröfum metnaðarfulls myndlistarmanns né myndrænni rannsókn af alvarlegri gerð. Hér verð ég ekki var við svipmikil átök við myndefnið, inntak, efnivið, liti, línu, form og rými, heldur öllu frekar einhliða leik og endurtekningar.

Þannig séð verður naumast mikið til umfjöllunar á þessari sýningu, sem ástæða er til að staldra sérstaklega við í þeirri almennu rökræðu, sem listrýni telst vera nema þá einhliða kynning.

En þegar á allt er litið, þá ræður sjálfsagt hver og einn þeirri stefnu, sem hann kýs að vinna brautargengi á listabraut, því að hér er valið frjálst — og á eigin ábyrgð vel að merkja.

Sumir kjósa átök við efniviðinn og eru hér aldrei ánægðir — listin er þeim stöðug rannsókn og iðkun hennar sprottin af innri þörf og vægðarlausri kröfu um samsemd við tímana, er þeir lifa á. Öðrum er listin afþreying og hentugt lifibrauð, sem gerir alfarið þá kröfu, að list þeirra höfði til fjöldans og/eða ákveðinna þjóðfélagshópa, er bera hana uppi. Hér er valið í ýmsar áttir, og skiptir þá mestu máli til úrslita að finna samhljóm með sannfæringu sinni, hver sem hún svo kann að vera.

Grafík og teikningar

Gallerí Íslenzk list á Vesturgötu 17 býður þennan mánuð upp á sýningu á grafík og teikningum eftir **Elías B. Halldórsson.** Listamaðurinn er, svo sem flestum innvígðum í myndlist mun kunnugt, búsettur á Sauðárkróki, þar sem hann vinnur að list sinni af þeim krafti, að hún hefur hlotið hljómgrunn og viðurkenningu á höfuðborgarsvæðinu. Nokkuð, sem ekki er heiglum hent á landi hér. Að þessu sinni hefur Elías valið að kynna eldri og nýrri verk sín á sviði grafíklistar og teikninga, og eru verkin á sýningunni 55 að tölu.

Elías var af fyrsta árgangi þeirra, sem undirritaður kenndi grafíktækni, þegar samfelld kennsla í þeirri listgrein hófst í Myndlista- og handíðaskólanum haustið 1956. Hann varð strax upptendraður af áhuga og sá áhugi hefur víst lítið dofnað í áranna rás, þótt iðkun listgreinarinnar hafi ekki verið samfelld, frekar en hjá mörgum öðrum — a.m.k. hvað eldri kynslóð snerti.

Vinnubrögð Elíasar á þessum vettvangi hafa alltaf einkennst af vissu óstýrilæti og galsaskap — hér hefur hann átt erfitt með að hemja sig og beita öguðum vinnubrögðum þó honum takist það að hluta til í pennateikningum við ljóð Steins Steinarr „Tíminn og vatnið", sem hann vann á árunum 1959-60. Útfærslan er hér blæbrigðarík þótt teikningin sé á köflum all stórskorin.

húsgagnahöllin
HÚSGÖGN
BÍLDSHÖFÐA 20 — 112 REYKJAVÍK — 91-681199 og 681410